

**34. fundur skólanefndar Tálknafjarðarhrepps, haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 29. september 2008 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ingólfur Kjartansson (IK), Þórir Gunnar Sigurðsson (ÞGS).

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS)

**Dagskrá:**

**1. 0809104 - Fjöldi kennslustunda**

Yfirlit yfir fjölda kennslustunda, kennslumagn pr.kennara við skólann, lagt fram. Umræður um yfirlitið. Samkvæmt kennslumagni kennara þá er yfirvinna samtals 20 kennslustundir og einn kennari fer í orlof um áramót, því þarf að auglýsa eina lausa stöðu við skólann um áramótin.

**2. 0807085 - Skóladagatal**

Skóladagatal fyrir skólaárið 2008 - 2009 lagt fram og samþykkt samhljóða.

**3. 0809030 - Leikskólinn Vindheimar. Gjaldskrá**

IK og ÞGS viku af fundi undir afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Umræður urðu um gjaldskrá leikskólans Vindheima og gjaldskrár nokkurra sveitarfélaga voru hafðar til hliðsjónar. Skólanefnd mælir með að systkinaafsláttur verði veittur sem hlutfall af dagvistungjaldi í stað fastrar krónutölu, eins og það er í dag. Skólanefnd leggur til að 2.systkini fái 20% afslátt og 3.systkini 40% afslátt. Samþykkt samhljóða.

**4. 0809071 - Menntamálaráðuneytið. Bréf dagsett 3. september. Breytingar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa.**

Lagt fram til kynningar.

**5. 0807087 - Önnur mál.**

1. Málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga 6.október 2008 í húsnæði KHÍ, Birna Benediktsdóttir verður fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á fundinum.
2. Menntastefna, kynningarfundur á Patreksfirði 11.nóvember 2008, lagt fram til kynningar.
3. Skólastjóri (IK) tilkynnti um styrkveitingu að fjárhæð kr. 12.342 evrur, frá Nordplus Junior, vegna verkefnisins Tálknafjörður - Finnland, samstarfsverkefni milli grunnskóla. Styrkurinn er veittur til utanferðar nemenda á unglíngastigi til þess að kynna sér grunnskóla í Juhanalan, Joensuu, Finnlandi, umhverfisvernd og menningu. Grunnskólinn þarf að senda tvo fulltrúa til Finnlands til þess að kynna sér aðstæður og á samráðsfund með yfirmönnum skólans í Finnlandi, ferðin er greidd af verkefninu.

4. Lögð var fram fyrirspurn af GB um hver gegndi stöðu staðgengils skólastjóra, skólastjóri (IK) gerði grein fyrir ákvörðun sinni.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____